

Forsætisráðuneytið
b.t. Páls Þórhallssonar, skrifstofustjóra
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2022
Tilv.: 2210021

Efni: Umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna tilgreindra dótturfélaga Landsbankans hf.

Samkeppniseftirlitið vísar til beiðni forsætisráðuneytisins, dags. 21. október 2022, um umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 (hér eftir „upplýsingalögin“) vegna nánar tilgreindra dótturfélaga Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“). Með umsagnarbeiðni ráðuneytisins fylgdu afrit af bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til forsætisráðuneytisins, dags. 7. júní 2022 og bréfum Landsbankans hf. og Landsbréfa hf. til fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 24. maí 2022.

Varðar beiðnin tillögu fjármála- og efnahagsráðherra um að tilgreindum dótturfélögum Landsbankans verði veitt áframhaldandi undanþága frá gildissviði upplýsingalaga. Var það mat ráðuneytisins að starfsemi félaganna hafi ekki tekið breytingum sem gefi tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna, og þau rök sem þær byggja á eigi enn við. Um er að ræða eftirfarandi félög:

1. Blámi - fjárfestingarfélag ehf.
2. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf.
3. Flói ehf.
4. Holtavegur 10 ehf.
5. Hömlur ehf.
6. Hömlur fyrirtæki ehf.
7. Iceland Construction ehf.
8. Lindir Resources ehf.
9. Landsbréf hf.

Líkt og fram kemur í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins ákvað forsætisráðherra þann 20. desember 2016 að framangreindum félögum yrði veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga. Undanþágan var aftur veitt með staðfestingu forsætisráðuneytisins þann 10. janúar 2020 og skyldi hún endurskoðuð eigi síðar en 10. janúar 2023.

Í umsögnum Samkeppniseftirlitsins varðandi fyrri undanþágur umræddra félaga, dags. 12. desember 2016 og 25. nóvember 2019, kom fram það mat eftirlitsins að rök stæðu til þess að veita umræddum félögum undanþágu frá upplýsingalögum enda væri starfsemi umræddra félaga að öllu eða mestu leyti í samkeppni við aðra einkaaðila á markaði.



Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í gögnum þeim sem forsætisráðuneytið hefur látið Samkeppniseftirlitinu í té hefur ekkert breyst í starfsemi félaganna sem gefur tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna. Í ljósi þess og með vísan til fyrri umsagna Samkeppniseftirlitsins telur Samkeppniseftirlitið að rök standi enn til þess að umrædd dótturfélög Landsbankans fái að njóta undanþágu frá upplýsingalögum skv. 2. mgr. 3. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

Samkeppniseftirlitið